

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, með síðari breytingum, og að fengnum tillögum umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar hefur lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu ákveðið eftirfarandi:

1. Að banna bifreiðastöður við báða götukanta frá Stórhöfða að norðanverðum Eldshöfða.
2. Að banna bifreiðastöður við suðurkant á Barónsstíg frá Fjölnisvegi að Eriksstötu.
3. Að banna bifreiðastöður við norðurhlið Menntasveigs sem liggur í sveig, norðvestan við Háskólann í Reykjavík frá Menntavegi meðfram lóðum 2-8.
4. Að banna bifreiðastöður við norðurkant Jaðarleitis frá austurenda vegar að gatnamótum við Efstaleiti.

Stöðubannið skal merkt með umferðarmerkinu B21.11 samkvæmt reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra.

5. Að ný gönguþverun yfir Barónsstíg, norðan við Fjölnisveg verði merkt sem gangbraut. Gangbrautin skal merkt beggja vegna vegar með umferðarmerkinu D02.11 og yfirborðsmerkingu vegar með M13 samkvæmt reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra.

Ákvörðun þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar.

F.h. lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, 29. nóvember 2018,

Hulda Elsa Björgvinsdóttir staðgengill.

B-deild – Útgáfud.: 18. desember 2018